

# Héraðsdómur Suðurlands

Dómur 3. febrúar 2021

Mál nr. S-284/2020:

**Lögrelustjórinn í Vestmannaeyjum**

(Arndís Bára Ingimarsdóttir fulltrúi)

**gegn**

**X**

(Ólafur Valur Guðjónsson lögmaður)

## Dómur

Mál þetta er höfðað með ákæru Lögrelustjórans í Vestmannaeyjum, dags. 6. apríl 2020, á hendur X

„fyrir líkamsárás

með því að hafa aðfaranótt [...] 2018 á [...] að [...] Vestmannaeyjum, veist að A og hrint henni og í kjölfarið veist að [...], B, hrint henni í sófa og slegið hana einu hnefahöggi í andlitið. Skömmu síðar hafi ákærði hent sófaborði í A og B og ýtt B utan í vegg í eldhúsi þannig að hún skall með höfuðið í vegginn og datt á gólfið þar sem ákærði sló hana einu hnefahöggi.

(Mál nr. 319-2018-4677)

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málið var þingfest 14. maí 2020. Ákærði neitar sök. Aðalmeðferð fór fram 9. desember 2020 og var málið dómtekið að henni lokinni.

Af hálfu ákæruvalds eru gerðar sömu kröfur fyrir dóminum og að ofan greinir.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu af öllum kröfum ákæruvalds, en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá er þess krafist að sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. hæfileg málsvarnarlaun til handa skipuðum verjanda ákærða.

Fyrir uppkvaðningu var gætt 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008.

### **Málavextir**

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu barst um það tilkynning frá Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra að ákærði hefði ráðist á B [...] og [...] A og fylgdi því að þetta hefði gerst á [...] ákærða og B.

Fóru lögreglumenn þegar á vettvang með kveikt á búkmyndavélum sínum. Fyrir utan húsið hittu þeir B og A sem voru báðar grátandi og í uppnámi. Segir í skýrslunni að framburður þeirra um þessi atvik hafi nánast verið eins. Þær hafi verið úti í bæ í samkvæmi þegar B hafi fengið símhringingu frá ákærða um að hundurinn [...] hafi sloppið út og væri týndur. Þær hafi þá farið [...] og fundið ákærða rænulausan á eldhúsgólfinu vegna ölvunar og hafi þær ekki getað vakið hann. Þær hafi farið út að leita að hundinum, en án árangurs. Þær hafi farið aftur heim og þá hafi ákærði verið vaknaður og verið alveg brjáláður. Hann hafi strax ráðist á þær með höggum og spörkum og hafi atburðarásin byrjað í eldhúsinu og færst inn í stofuna. Þar hafi ákærði lamið B eitt högg í andlitið, hent henni í sófann og þá hafi A reynt að koma B til hjálpar. Hafi þá orðið frekari átök og ákærði hent B utan í vegg og þá hafi hún rekist utan í sjónvarpið sem hafi brotnað. Síðan hafi ákærði tekið sófaborðið og kastað því í B og A og hafi einn fótur brotnað af borðinu við þetta. Síðan hafi átökin aftur færst inn í eldhúsið og þar hafi ákærði hrint B þannig að hún hafi fallið aftur fyrir sig og lent með hnakkann utan í miðstöðvarofni og hafi ákærði svo lamið hana eitt högg í andlitið. Þegar þarna var komið hafi C, [...] A, komið á vettvang og náð að draga ákærða í burt frá [...] og koma honum upp á loft.

Eftir að hafa rætt við B og A fór lögregla og ræddi við ákærða á vettvangi, en hann neitaði þessum ásökunum og neitaði að koma með lögreglu á lögreglustöð til viðræðu og var hann handtekinn og færður á lögreglustöð. B og A komu með á lögreglustöðina og gáfu þar skýrslur munnlega í hljóði og mynd. Voru skýrslur þeirra á sömu lund og að ofan greinir.

Lögregla tók skýrslu af C sömu nótt. Hann kvaðst hafa verið heima hjá sér, allsgáður, að horfa á sjónvarp þegar ákærði hafi hringt í hann og sagst hafa týnt hundi B. Hafi C vitað að ákærði og B hafi rifist áður og að B og A hafi farið á Lundann. Hafi C hringt í B og látið hana vita um þetta. Svo hafi aftur verið hringt úr síma ákærða en enginn verið í símanum og hafi C heyrt ákærða vera að tala við B og A. Svo hafi hann heyrt að

ákærði væri ekki lengur með símann í hendinni og að þær stöllum væru að öskra á ákærða að fara út og að ákærði væri „að drulla þær út“. Svo hafi verið læti í símanum og þá hafi hann talið að ákærði væri að brjóta sjónvarpið. Þá hafi hann farið að heimili B [...] og þegar hann hafi komið þangað inn hafi hann séð ákærða halda báðum höndum í fatnað B og hendurnar út réttar. Hafi ákærði gengið áfram og ýtt B á undan sér og hún þannig gengið aftur á bak. Hafi B endað með bakið upp að vegg og þetta hafi verið í eldhúsinu. Þá hafi C tekið utan um ákærða og farið með hann frá B og inn í herbergið hans á 2. hæðinni og haldið honum þar þangað til lögreglan hafi komið. Ákærði hafi verið mjög drukkinn, grátið og sagt að hann vissi ekki hvað hafi gerst. Þá lýsti C því að A og B hefðu sagt sér frá því sem hafi gerst. Þær hafi sagt að A hafi spurt ákærða hvort hann hafi hrætt hundinn eða meitt hann sem hafi orðið til þess að hundurinn hafi farið í burtu. Hafi ákærði tekið því eins og þær væru að kalla hann dýraníðing og orðið æstur. Kvaðst þó C ekki geta lýst því nákvæmlega sem hafi gerst milli ákærða annars vegar og B og A hins vegar. Þó kvað C að ákærði hafi brotið sjónvarpið og sófaborðið. Hann hafi líka brotið náttborð í svefnherberginu. Þær hafi líka sagt að ákærði hafi slegið B hnefahöggi í andlitið, en vissi ekki hvort það hafi verið oftár en einu sinni. Kvað C að A hafi verið rauð og aum í vinstra hné og með marblett á rassinum eftir átökin við ákærða. Ekki hafi hann séð áverka á B. Hann hafi séð áverka á höndum ákærða sem hafi verið að kýla í vegg og skápa þegar þeir hafi verið í svefnherberginu. Kvaðst ekki vita til þess að ákærði hafi áður lagt hendur á B, en að það væri búinn að vera að byggjast upp þirringur í ákærða síðustu daga. Þá kvað hann B og A báðar hafa verið grátandi þegar hann hafi komið að.

Í skýrslu sem lögreglan tók af ákærða daginn eftir kvaðst hann muna eftir að hafa sofið áfengissvefni á eldhúsgólfinu heima hjá sér. A hafi verið að rífa í hann og hundurinn verið farinn. Kvaðst ekkert muna eftir að hafa ráðist á A og B og kvaðst ekki gera þannig. Næst myndi hann að hafa verið í svefnherbergi sínu og að lögregla hafi verið að setja hann í handjárn.

Með rannsóknargögnum fylgja ljósmyndir, m.a. af vettvangi, sem og upptökur af skýrslutökum og úr bókmyndavélum lögreglu.

Ekki eru efni til að gera frekari grein fyrir rannsókn málsins.

### **Framburður við aðalmeðferð**

Ákærði kvaðst ekki geta sagt neitt frá þessu atviki. Hann hafi verið ofurölvi, eins og sjálfsagt allir aðrir sem voru þarna, og muni ekkert eftir þessu. Hann muni að eitthvað

hafi gerst og að lögreglan hafi komið, en kvaðst ekkert geta sagt frá þessu. Kvaðst ekki muna eftir neinum átökum, en kvaðst ráma í einhver leiðindi eða rifrildi án þess að geta skýrt það nánar. Kvaðst aðspurður ekki kannast við að hafa ráðist á A og B, en ekkert geta sagt til um það hvort þær hafi verið að segja ósatt hjá lögreglu. Eitthvað hljóti hann að hafa gert, en vissi ekki hvað. Kannaðist ekki við að húsmunir hafi eyðilagst á heimilinu. Kvaðst ekki muna eftir að hafa fengið áverka sjálfur og ekki heldur geta skýrt frá mögulegum áverkum á þeim stúlkum. Tók ákærði fram að hann hafi verið í mikilli lyfjaneyslu á þessum tíma og því geti vel fylgt óminni. Hann hafi nú farið í meðferð og verið edrú frá júní mánuði 2020.

Aðspurður kvaðst ákærði ekki muna eftir að hafa gefið skýrslu um þetta hjá lögreglu. Kvað ákærði að ekki rifjaðist þetta upp fyrir sér þegar borin voru undir hann atriði úr skýrslu hans hjá lögreglu.

Vitnið B, [...], kom fyrir dóminn við aðalmeðferð. Vitnið skýrði frá því að þau hafi öll verið í mjög annarlegu ástandi. Þetta hafi gerst um miðja nótt og kvaðst vitnið vilja taka fram að það væri algert einsdæmi að þetta skuli hafa gerst. Þetta hafi komið upp úr einhverju rifrildi og kvaðst vilja að ekkert yrði úr þessu máli. Hún hafi orðið mjög hissa þegar fram hafi komið ákæra. Kvað vitnið að það myndi í rauninni enginn eftir þessu kvöldi út í gegn. Henni hafi ekki þótt þetta alvarlegt og hún vildi ekki að ákærði fengi neina refsingu fyrir þetta, enda hafi hann farið í meðferð og sé nú allt annar maður.

Aðspurð hvað hún myndi af þessu kvaðst vitnið muna að upp hafi komið rifrildi, en hún myndi aðallega eftir að hafa verið á lögreglustöðinni. Það hafi verið rifrildi um kvöldið og svo hafi lögreglan allt í einu verið komin. Kvaðst ekki muna neitt hvað hún hafi sagt í skýrslu hjá lögreglu. Kvaðst ekki muna hvað hafi gerst og eftir að hafa lesið ákærana, sem [...] hafi verið birt, þá myndi hún ekki eftir neinu því sem lýst er í ákærinni. Vitnið kvaðst ekki muna eftir að hafa fengið neina áverka. Kvaðst heldur ekki muna eftir að ákærði hafi lagt á hana hendur. Það hafi allt verið mjög mikið „tens“ á milli þeirra allra, ekki bara hennar og ákærða, enda hafi þau verið á djamminu í 3 daga án þess að sofa. Ekki hafi gerst neitt sambærilegt fyrr eða síðar. Kvaðst ekki hafa verið hrædd við ákærða eftir þetta, enda sé ekki til í honum vont bein. Kvaðst ekki muna eftir að hafa sagt lögreglu daginn eftir að hún væri hrædd við ákærða. Sennilega hafi hún verið eitthvað pirruð eða reið út í hann. Vitnið kvaðst ekki hafa leitað til læknis. Vitnið kvað þau ekki einungis hafa neytt áfengis, heldur hafi fíkniefni jafnframt verið höfð um hönd.

Vitnið kvaðst aðspurð ekki muna eftir áverkum, eymslum eða höggum.

Vitnið kvaðst aðspurð ekki muna eftir neinu af því sem lýst er í ákærinni.

Aðspurð um það hvernig á því standi að hún muni ekkert eftir þessu nú, að virtu því að hafa gefið lýsingu á þessu hjá lögreglu skömmu eftir atvikið, kvað vitnið að drykkja og neysla tiltekinna lyfja valdi óminni. Kvaðst aðspurð vera að segja satt um að muna þetta ekki. Kvaðst ekki geta sagt neitt til um hvort hún hafi sagt rétt og satt frá í framburði sínum hjá lögreglu. Kvaðst ekki muna eftir að hundurinn hennar hafi verið týndur og að hún og A hafi verið að leita að honum. Þegar atriði úr skýrslugjöf vitnisins hjá lögreglu voru borin undir hana kvaðst hún ekki muna neitt frekar eftir þessum atvikum. Vitnið tók fram að ótiltekinn maður hafi viðurkennt að hafa brotið sjónvarpið þetta kvöld og hafi hann þegar greitt fyrir það. Hafi þessi maður sagt að hann hafi sjálfur brotið sjónvarpið og klínt því á ákærða.

Vitnið A kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og skýrði frá því að hún myndi eiginlega ekki neitt eftir þessu. Það hafi verið ógeðslega mikið ástand og kvaðst ráma pínulítið í að hafa farið á lögreglustöðina. Samt ekki. Kvaðst ekki muna neitt hvað gerðist eða hvers vegna þau hafi verið að rífast eða neitt. Aðspurð hvort þau hafi verið að rífast kvað vitnið að það hljóti að vera fyrst hringt hafi verið á lögregluna. Kvaðst ekki muna hverjir hafi verið að rífast. Kvaðst vita að þau hafi verið þarna 4 enda hafi henni verið sagt það. Kvaðst hvorki muna hvað hún hafi sagt við lögreglu né að hafa verið í miklu uppnámi þegar þetta var. Kvaðst ekki muna eftir að skemmdir hafi orðið á heimilinu þarna. Oft hafi verið mikil neysla og leiðindi á þessu tímabili. Kvaðst ekki muna eftir að hafa gefið skýrslu hjá lögreglu. Kvaðst hafa notað áfengi, fíkniefni og lyf á þessum tíma.

Aðspurð kvaðst vitnið ekki muna til þess að hafa borið áverka eftir þetta atvik. Kvaðst ekki geta staðfest hvort það væri rétt sem haft er eftir henni í lögregluskýrslu. Undir vitnið voru borin ýmis atriði úr framburði hennar hjá lögreglu og kvaðst hún ekkert geta sagt til um hann og myndi hún ekki eftir þessu. Undir vitnið var borið það sem segir í ákærinni og kvaðst hún ekki muna eftir neinu af því.

Vitnið C kom fyrir dóminn og skýrði frá því að hafa verið undir mjög miklum áhrifum umrætt sinn, bæði róandi og örvandi ásamt áfengi. Hann hafi verið í neyslu á þessum tíma. Hann myndi mjög lítið eftir þessu og kvaðst ekki hafa munað eftir að hafa gefið skýrslu um þetta hjá lögreglu. Kannaðist við að hafa komið heim til ákærða og hafa tekið hann og reynt að róa hann niður. Svo hafi lögreglan komið og sagt vitninu að fara niður og í framhaldinu hafi lögreglan tekið ákærða. Aðspurður kvaðst vitnið minna að hann hafi verið að koma af Lundanum þegar hann hafi komið á heimili ákærða. Þegar

hann hafi komið þá hafi íbúðin verið í rúst og sjónvarpið brotið og ákærði eitthvað æstur og hafi vitnið tekið hann og farið með hann upp í herbergið hans til að róa hann. Reyndar hafi komið í ljós eftir á að einhver annar strákur hafi brotið sjónvarpið. Kvaðst ekki vita hvað hann heitir. Kvaðst ekki muna hvers vegna hann hafi farið heim til ákærða, en þau hafi verið öll saman þetta kvöld og hann hafi farið aðeins á eftir þeim af Lundanum. Ekki kvaðst vitnið muna eftir að hafa séð einhverja áverka á A, B eða ákærða.

Aðspurður kvaðst vitnið ekki muna vel eftir að ákærði hafi kýlt í vegg umrætt sinn. Vitnið kvaðst ekki hafa séð nein átök. Þegar vitnið kom á staðinn hafi A, B og ákærði verið þar, en sennilega ekki aðrir. Tók fram að hann myndi ekki hvort það hafi verið hringt í hann eða hvort hann hafi bara komið akkúrat á þessum tíma. Aðspurður um það sem stendur í ákæru kvaðst vitnið ekki hafa séð neitt af því sem þar greinir. Aðspurður um framburð sinn hjá lögreglu kvaðst vitnið ekki muna eftir því. Sjálfsagt hafi hann munað þetta betur við skýrslugjöf sína hjá lögreglu en við aðalmeðferðina og ekki hafi hann verið að segja ósatt hjá lögreglu. Vitnið kvaðst ekki muna eftir að A og B hafi sagt vitninu hvað hafi gerst þarna.

Lögreglumaður nr. 8517 kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og skýrði frá því að tilkynning hafi borist frá Fjarskiptamiðstöð um að ákærði væri að ganga í skrokk á [...] og A [...] hennar. Hafi lögregla farið strax á vettvang og kveikt á búkmyndavélum sínum. Við komu á vettvang hafi þeir hitt [...] utan dyra, grátandi og í þó nokkru uppnámi. Hafi þær sagt að þær hafi komið heim og ákærði hafi verið alveg brjáláður og ráðist á þær báðar. Nánari frásögn hafi verið þannig að hundurinn hafi sloppið út og þær verið einhvers staðar í partyi. Ákærði hafi hringt og sagt að hundurinn væri sloppinn. Þær hafi þá drifið sig heim, en þegar þær hafi komið þangað hafi ákærði verið áfengisdauður á eldhúsgólfinu og ekkert gengið að vekja hann. Þær hafi þá farið að leita að hundinum, en án árangurs. Þegar þær hafi komið aftur heim hafi ákærði verið vaknaður og í mjög slæmu skapi, sem hann hafi raunar verið í allan daginn. Hafi önnur þeirra farið að spynta eða ásaka ákærða um hvers vegna hundurinn hafi sloppið út og hann tekið það óstinnt upp og hafi endað með því að hann hafi ráðist á þær með hrindingum, spörkum og höggum. Hafi ákærði grýtt B um íbúðina og þ. á m. utan í sjónvarpið sem hafi dottið í gólfið og brotnað. Hann hafi tekið lítið stofuborð og grýtt því í þær báðar þannig að fótur hafi brotnað undan því. Hafi íbúðin verið á rúí og stúi á neðri hæðinni. Hafi þær sagt að þær hafi hringt í C, [...] A, sem hafi búið mjög skammt frá og verið fljótur á vettvang. Þegar hann hafi komið hafi ákærði verið með B í einhverjum tókum eða eitthvað verið

að hrinda henni. Hafi C tekið ákærða með valdi og farið með hann upp á loft. Að þessari frásögn fenginni hafi lögreglan farið inn í húsið og þar hafi allt verið á rúi og stúi eins og eftir átök og slagsmál. Þegar þeir hafi komið upp á efri hæðina hafi C verið að reyna að tjónka við ákærða inni í svefnherbergi. Hafi vitnið gefið C merki um að fara fram og niður og hafi svo lögreglan reynt að ræða við ákærða, sem hafi lítið gengið. Hafi því ákærði verið færður á lögreglustöð. Hann hafi verið æstur, ruglaður og snarvitlaus og verið vistaður í fangageymslu. Hann hafi óskað eftir að haft yrði samband við tiltekinn verjanda, en ekki hafi náðst í hann.

Vitnið kvað A og B hafa verið mjög samtaka í lýsingu sinni á þessu öllu og gefið svo skýrslu á lögreglustöð.

Vitnið kvað A hafa talað um að hún væri marin á rasskinn eftir þetta og báðar talað um að þær væru aumar hér og þar í skrokknum, en þær hafi báðar sagst ætla að fara daginn eftir að fá áverkavottorð og staðfesta kærú á hendur ákærða. B hafi verið aðeins bólgin á gagnauga, hægra megin að því er vitnið minnti. Vitnið kvað ákærða hafa verið undir miklum áhrifum og æstur. B og A hafi líka verið undir áhrifum og verið í uppnámi.

Lögreglumaður með lögreglunúmerið 9913, sem bar númerið 0789 þegar atvik málsins gerðust, kom fyrir dóminn við aðalmeðferð. Kvað hann að tilkynning um [...] að [...] hafi borist lögreglu. Hafi vitnið farið þangað ásamt öðrum lögreglumanni. Við komu þeirra hafi A og B staðið þar utan dyra og verið báðar grátandi og í mikilli geðshræringu. Hafi þær sagt að ákærði hafi ráðist á þær skömmu áður og auk þess skemmt innanstokksmuni í húsinu. Eftir stutta viðræðu við konurnar hafi þeir farið inn og fundið ákærða þar í svefnherbergi uppi á lofti og hafi C verið þar hjá ákærða að reyna að róa hann. Hafi ákærði verið æstur og lítt viðræðuhæfur. Hafi þeir vísað C út og hafi svo ákærði verið handtekinn og færður í handjárn og á lögreglustöð í þágu rannsóknar málsins. Vitnið hafi svo farið að taka skýrslur af B og A og fundist þær vera hæfar til að gefa skýrslu. Vitnið og hinn lögreglumaðurinn hafi verið með kveikt á bókmyndavélum sínum. Vitnið kvað ákærða augljóslega hafa verið undir áhrifum, a.m.k. áfengis. Hafi ákærði nánast ekki virst þekkja lögreglumennina og neitað öllum sökum um heimilisofbeldi. Við skýrslugjöf hjá vitninu hafi B kvartað undan eymslum hægra megin í andliti. Hafi hún sjáanlega verið bólgin við hægra auga. Við skýrslugjöf hafi Akvartað undan eymslum í mjöðm og rasskinn. Þeim hafi verið bent á að fara á sjúkrahús og fá áverkavottorð, en þær hafi báðar afþakkað þjónustu félagsmálayfirvalda. Vitnið kvaðst ekki muna eftir að ákærði hafi borið sýnilega áverka. Báðar konurnar hafi verið ölvaðar,

en þó skýrmæltar og samhengi verið í frásögn þeirra. Hafi því vitnið ákveðið að taka skýrslur af þeim strax til að fá framburðinn eins ferskan og mögulegt var, enda hafi þær báðar treyst sér til skýrslugjafar. Á neðri hæðinni hafi allt verið á rúi og stúi. Sér hafi skilist á B og A að átök hafi verið í eldhúsi og stofu og þar hafi sjónvarp brotnað. Þá hafi verið brotinn fótur undan sófaborði í stofunni. Vitnið hafi myndað vettvanginn eftir að ákærði hafi verið kominn í fangageymslu.

### **Forsendur og niðurstaða**

Eins og að ofan greinir hefur ákærði neitað sök og kveðst hann ekki geta borið neitt um framangreind atvik vegna minnisleysis.

Brotapolarnir B og A lýstu því báðar hjá lögreglu hvernig ákærði hefði veist að þeim, en framburður þeirra hjá lögreglu er í takti við það sem þær báðar og saman sögðu lögreglu á vettvangi. Fyrir dómi hafa þær hins vegar báðar staðfastlega lýst því að þær muni ekki þessa atburði og var rækilega borið undir þær báðar allt sem stendur í ákærinni, en hvorug þeirra gat staðfest neitt af því sem þar kemur fram. Að mati dómsins er framburður þeirra um minnisleysið ekki sérlega trúverðugur, en allt að einu stendur það þó að hvorug þeirra hefur borið um eða lýst fyrir dómi neinu af því sem ákærði er borinn sökum um að hafa gert.

Að mati dómsins er ljóst að eitthvað gerðist umrætt kvöld á [...] ákærða X og brotapolans B, sem varð til þess að B og A voru báðar grátandi þegar lögregla kom á vettvang. Vera kann að atburðarásin hafi verið á þá lund sem lýst er í ákærinni, en um það nýtur þó einskis við nema framburðar brotþola beggja hjá lögreglu, sem þær hafa ekki staðfest fyrir dómi. Þá er ekki unnt að horfa fram hjá því að framburður þeirra hjá lögreglu er í takti við það sem þær sögðu saman á vettvangi hvor fyrir sig og hlustaði hvor á hina. Þá liggur ekki fyrir neitt handfast um áverka sem þær hafi fengið við þá atburði sem lýst er í ákærinni.

Við svo búið er ekki unnt að telja hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þann verknað sem honum er gefinn að sök í ákæru og er óhjákvæmilegt að sýkna hann af öllum kröfum ákæruvalds í málinu.

Eftir þessari niðurstöðu og samkvæmt 2. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 verður sakarkostnaður ekki lagður á ákærða og greiðist hann því úr ríkissjóði þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ólafs Vals Guðjónssonar lögmanns, kr. 470.270 að teknu tilliti til virðisaukaskatts.



Sigurður G. Gíslason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

**Dómsorð:**

Ákærði, X, skal vera sýkn af öllum kröfum ákærvalds í málinu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ólafs Vals Guðjónssonar lögmanns, kr. 470.270 að virðisaukaskatti meðtöldum.

Sigurður G. Gíslason